



Reglur um val á landsliði fyrir Heimsmeistaramót 2019 Samþykktar í stjórn í mars 2019

1. Tímasetning

Heimsmeistaramótið í pílukesti 2019 verður haldið í Rúmeníu 7-12 október 2019. Landslið Íslands, fjórir karlar og fjórar konur, verður valið í lok maí 2019.

2. Stigamót og stigalistar

Stigamót verða eins og venja hefur verið. Vegna heimsmeistaramóts 2019 skoðast gild stigamót á tímabilinu ágúst 2018 til maí 2019 (báðir mánuðir meðtaldir) ásamt Íslandsmóti 501. Verða gild mót því 11 talsins. Hjá hverjum keppanda teljast stig fyrir 9 bestu mót hans. (Verði keppendur þá jafnir, skal telja eitt mót til viðbótar hjá hvorum (10 bestu), Ef þeir enn standa jafnir skulu þeir keppa sín á milli, skal sá leikur vera best af 11 og vinna þarf með 2 leggjum.) Á Norðurlandi gildir sérstakur stigalisti. Ekki er leyfilegt að taka þátt í hreinu stigamóti í öðrum landshluta en þeim sem þú hefur almenna búsetu í fyrir HM 2019.

3. Landsliðsval og röðunarmót

Röðunarmót karla og kvenna verður haldið í aðstöðu Pílukestfélags Reykjavíkur að Tangarhöfða 2 sunnudaginn 12. maí 2019 kl. 13:00

Karlar: Efsti maður á stigalista

Suðurlands fær sjálfkrafa boð um sæti í landsliðinu. **Keppendur í 2.-7. sæti suðurlands mæta þeim sem verða í sætum 1-3 á lista**

Norðurlands í keppni um hin þrjú sætin í liðinu. Ef viðkomandi einstaklingar hyggjast ekki mæta á röðunarmót er heimilt að fara neðar á stigalista. Leiknir verða þeir leikir sem þarf til að ljúka meðfylgjandi riðli. (1 og 0 tákna vinning og tap, en enga skráða leggi.) Þeir sem ekki mæta fyrirgera rétti sínum til landsliðssætis. (Óviðráðanlegar fjarvistir e.t.v. athugaðar.) Leikið er best af 7.

	S2	S3	S4	S5	S6	S7	N1	N2	N3
S2		1	1	1	1	1			
S3			1	1	1	1			
S4				1	1	1			
S5					1	1			
S6						1			
S7									
N1								1	1
N2									1
N3									

Konur: Fjórar efstu á stigalista Suðurlands og fjórar efstu á stigalista Norðurlands mætast. Ef viðkomandi einstaklingar hyggjast ekki mæta á röðunarmót er heimilt að fara neðar á stigalista. Leiknir verða þeir leikir sem þarf til að ljúka meðfylgjandi riðli. (1 og 0 tákna vinning og tap, en enga skráða leggi). Þær sem ekki mæta fyrirgera rétti sínum til landsliðssætis. (Óviðráðanlegar fjarvistir verða e.t.v. athugaðar.) Leikið er best af 7.

	S1	S2	S3	S4	N1	N2	N3	N4
S1		1	1	1				
S2			1	1				
S3				1				
S4								
N1						1	1	1
N2							1	1
N3								1
N4								

5. Styrkur vegna ferðakostnaðar

Óákveðinn.

6. Frávik og fyrirvarar

Reglur þessar eiga við heimsmeistaramót 2019. ÍPS áskilur sér rétt til að gera nauðsynlegar breytingar á þeim af ófyrirsjáanlegum ástæðum. Ef sérstakar ástæður þykja gefa tilefni til fráviks frá reglunum áskilur stjórn ÍPS (í samráði við landsliðsþjálfara) sér rétt til þess að velja einn keppanda í landslið eða einn keppanda til þátttöku á röðunarmóti (af hvoru kyni). Skal sá einstaklingur keppa við alla bæði að norðan og sunnan og kemur inn með 0 stig á mótið. Skal slíkri ákvörðun fylgja vandaður rökstuðningur og hann skal birtur tímanlega. Ef ekki tekst að fylla landslið samkvæmt reglunum getur ÍPS valið keppendur sem vantar.